

# TÓNLEIKAR

*Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna*

## Frakkland – Ítalía

í Seltjarnarneskirkju  
sunnudaginn 13. febrúar 2011  
kl. 17:00

Stjórnandi: Oliver Kentish  
Einleikari: Þórarinn Sigurbergsson



Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,  
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

---

## EFNISSKRÁ:

**Maurice Ravel:** Pavane pour une infante defunte

**Mario Castelnuovo-Tedesco:** Gítarkonsert nr. 1, í D-dúr, ópus 99

*Allegretto*

*Andantino Romanza*

*Ritmico e cavalleresco*

- HLÉ -

**Gabriel Fauré:** Pavane, ópus 50

**Ottorino Respighi:** „Forn lög og dansar“ 1. Svíta

1. Balletto, „Il Conte Orlando“


2. Gagliarda

3. Villanella

4. Passo mezzo e mascherada

---

## TÓNSKÁLD, VERK OG FLYTJENDUR:



**Maurice Ravel** (1875-1937) samdi Pavane pour une infante defunte (Pavane fyrir dána prinsessu) árið 1899 þegar hann stundaði nám undir handleiðslu Gabriels Fauré í París. Verkið var upphaflega skrifað fyrir píanó og var það frumflutt 1902. En 1910 gaf Ravel út hljómsveitarútsetningu á því. Pavane var tileinkað Winarettu Singer, prinsessu af Polignac, sem hafði stutt Ravel til náms. Ekki mun Ravel þó hafa átt við hana í titli tónverksins því hún var langt í frá dain þegar þarna var komið sögu. Ekki finnst nein skynsamleg skýring á heiti verksins önnur en að Maurice hafi þótt það hljóma vel. Winaretta var áberandi í menningarlífi Parísar. Henni var ekki fjár vant, var 18. í röðinni af meira en 20 börnum Isaaks Singers, þess sem auðgaðist á saumavélaframleiðslu. Hún var mikill stuðningsmaður fagurra lista í París og var auk þess fræg fyrir skrautlegt ástalíf sitt. Í hópi þeirra sem hún studdi voru m.a. Igor Stravinsky, Erik Satie, Darius Milhaud, Francis Poulenc, Kurt Weill, Manuel de Falla, Arthur Rubinstein og Vladimir Horowitz.




**Mario Castelnuovo-Tedesco** (1895-1968) fæddist í Flórens og starfaði fyrri hluta starfsævinnar á Ítalíu sem tónskáld og píanóleikari. Hann var af gyðingaættum og flúði til Bandaríkjanna árið 1939 með konu sinni og tveimur ungum sonum. Hann settist að í Hollywood, starfaði fyrir MGM Studios og samdi tónlist við fjölda kvikmynda. Hann samdi einnig mikinn fjölda annarra verka, þ.á.m. sjö óperur og yfir þrjúhundruð verk fyrir gítar, þar á meðal tvo gítarkonserta

og einn konsert fyrir tvo gítara. Tedesco var einnig eftirsóttur kennari, kenndi meðal annarra John Williams, Henry Mancini og André Previn. Sá síðastnefndi lét eitt sinn þau orð falla að til þess að fá verkefni í kvikmyndaverum Hollywood væri nánast skylda að vera nemandi Castelnovo-Tedesco. Gítarkonsert nr. 1 var saminn fyrri hluta árs 1939 fyrir Andrés Segovia. Miðkaflinn, sem er byggður á stefjum ítalskra þjóðlaga, er saknaðarfull kveðja til fósturjarðarinnar.



**Gabriel Fauré** (1845-1924) var á sinni tíð sennilega betur þekktur sem hljóðfæraleikari og kennari en tónskáld. Hann féll að nokkru leyti í skuggan af samtíðarmönnum sínum, svo sem Camille Saint-Saëns, Hector Berlioz og Georges Bizet. Í seinni tíð hafa tónsmíðar hans gengið í endurnýjun lífdaga og orðið vinsælli með hverju árinu. Fauré samdi Pavane árið 1887 fyrir litla hljómsveit til flutnings á léttum sumartónleikum. Verkið óx þó í meðförunum og varð strax gríðarlega vinsælt. Fljótlega varð til útgáfa þar sem bætt var við kór og ballett. Pavane er upphaflega rólegur og virðulegur spánskur hirðdans. Vinsældir verks Faurés urðu öðrum hvatning til að semja í svipuðum stíl og er Pavane Ravels ef til vill þekktust þessara verka.



**Ottorino Respighi** (1879-1936) var ítalskur og stundaði fyrst nám í fiðlu- og píanóleik hjá föður sínum. Eftir frekara nám í fiðlu- og víóluleik gerðist hann víóluleikari í Pétursborg. Þar lagði hann einnig stund á tónsmíðanám hjá Rimsky-Korsakov. Seinna sótti hann einnig tónsmíðatíma hjá Max Bruch í Berlín. Hann fluttist til Rómar árið 1919 og gerðist kennari í tónsmíðum við Conservatorio di Santa Cecilia og síðar skólastjóri þess skóla. Auk þess að leika á píanó, víólu og fiðlu var hann virtur kennari, tónskáld og tónlistarfræðingur, rannsakaði m. a. ítalska barokktónlist. Í tónsmíðum sínum notaði hann gjarnan stef frá barokktímanum og vann úr þeim með aðferðum tuttugustu aldarinnar, oft af glettni. Frægar eru þrjár svítur, samdar 1917, 1924 og 1932, sem bera heitið Ancient Airs and Dances. Í þeirri fyrstu, sem hér er á efnisskránni, vinnur hann úr verkum fyrir lútu eftir nokkur endurreisnartónskáld, þar á meðal Simone Molinaro og Vincenzo Galilei, föður Galileos þess sem frægastur er í vísindasögunni. Þetta er ekki eina tenging Respighis við raunvísindin, því einn frægasti ítalski eðlisfræðingur allra tíma, Enrico Fermi, var góðvinur hans.



**Þórarinn Sigurbergsson** gítarleikari lærði við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá Eyþóri Þorlákssyni og útskrifaðist þaðan 1980. Framhaldsnám stundaði hann hjá José Luis González í Alcoy á Spáni frá 1980 til 1984. Einnig hefur hann sótt einkatíma og masterclassa hjá hinum heimskunna gítarleikara Manuel Barrueco. Sumarið 2010 naut hann leiðsagnar Ignacio

Rodes í Alicante á Spáni. Þórarinn hefur komið fram á fjölda einleiks- og samspilstónleika, m.a. með Kammersveit Reykjavíkur. Árið 1987 kom út hljómplata með leik hans ásamt Ragnheiði Guðmundsdóttur söngkonu og Jóhannesi Georgsyni kontrabassaleikara. Árið 2000 var hann einn af dómendum í alþjóðlegu Alhambra gítarkeppninni í Alcoy á Spáni og sumarið 2010 var hann kennari á alþjóðlegri gítarhátið, Polish Guitar Academy í Poznan, Póllandi. Þórarinn kennir við tónlistarskólana í Garðabæ og Hafnarfirði og Nýja Tónlistarskólann í Reykjavík.

## ***Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:***

**Konsertmeistarar:** Helga R. Óskarsdóttir

### **1. fiöla**

Helga R. Óskarsdóttir  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Elísabet Vala Guðmundsdóttir  
Páll Ingvarsson  
Fífa Jónsdóttir

### **2. fiöla**

Ólöf Júlía Kjartansdóttir  
Drífa Örvarsdóttir  
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir  
Erna Másdóttir  
Halla Björg Baldursdóttir  
Brynhildur Höskuldsdóttir

### **Víóla**

Helga Guðrún Sigurjónsdóttir  
Halldóra Æsa Aradóttir  
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir

### **Selló**

Páll Einarsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Freyja Jónsdóttir  
Valdís G. Gregory  
Hrefna Guðmundsdóttir

### **Kontrabassi**

Roine Hultgren  
Kjartan Guðnason

### **Flauta**

Kristrún Helga Björnsdóttir  
Karen Erla Karolínudóttir

### **Óbó**

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

### **Klarinett**

Barclay Anderson  
Víðir Smári Petersen

### **Fagott**

Þórður Tryggvason  
Ásthildur Ákadóttir

### **Horn**

Arve Eriksson  
Sturlaugur Jón Björnsson

### **Trompet**

Steinar M. Kristinsson  
Snorri Valsson

### **Pákur**

Eggert Pálsson

### **Harpa**

Elísabet Waage

### **Semball**

Douglas Brotchie

**Næstu tónleikar** hljómsveitarinnar verða í Neskirkju sunnudaginn 27. mars 2011 klukkan 17 og eru þeir samstarfsverkefni með kór Neskirkju og stjórnanda hans Steingrími Þórhallssyni. Á efniskránni eru Flautukonsert eftir Mozart og Sálumessa eftir Fauré. Hafdís Vigfúsdóttir leikur einleik á flautu og einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir og Hrólfur Sæmundsson. Stjórnandi verður Oliver Kentish. Nánari upplýsingar um vetraráætlun hljómsveitarinnar má fá á vefsíðu hennar: [www.ahugasinfonia.is](http://www.ahugasinfonia.is)

## ***Hljómsveitin þakkar***

Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.